

## Vinnureglur um útgáfu gistileyfa í íbúðahverfum:

Samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar frá 9. nóvember 2017 er heimilt að reka takmarkaða gistipjónustu í þéttbýli þar sem aðstæður leyfa að teknu tilliti til ákvæða í kafla 4.3 Íbúðarsvæði í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 . Heimild til takmarkaðs gistirekstrar í íbúðarhverfum skal háð eftirfarandi ákvæðum:

1. Heimild til reksturs takmarkaðrar gistipjónustu í íbúðarbyggð miðast við „Minna gistiheimili“ skv. skilgreiningu í 9. gr. reglugerðar nr. 1277 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Hámarks fjöldi gesta allt að tíu.
2. Sýslumaður gefur út rekstrarleyfi.
3. Rekstraraðili skal hafa lögheimili í húsnæðinu.
4. Rekstraraðili skal sækja um leyfi til sveitarfélagsins til breyttrar starfsemi í viðkomandi íbúðarhúsnæði.
5. Með umsókn skal skila inn upplýsingum um áætlaðan fjölda gesta og nákvæmum teikningum af fyrirhuguðu útleiguhúsnæði þar sem gerð er grein fyrir skiptingu á íverurými rekstraraðila og útleigðu rými. Einnig skal gerð grein fyrir eldvörnum og flóttaleiðum og nægjanlegum fjölda bílastæða fyrir áætlaðan fjölda gesta innan lóðar.
6. Byggingarfulltrúi skal kynna fyrir nágrönnum umsóknir um rekstur gistipjónustu.
7. Útleigt rými verður skilgreint sem atvinnuhúsnæði og innheimt verða af því fasteignagjöld skv. flokki C.